

## REGLUGERÐ

### um veiðar á íslenskri sumargotssíld.

#### I. KAFLI

##### Síldveiðar í vörpu.

###### 1. gr.

Allar veiðar á íslenskri sumargotssíld með vörpu í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar nema að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu.

Skipum sem leyfi hafa til síldveiða sbr. 1. málslíð er heimilt að stunda veiðar á tímabilinu 1. september til 1. maí á hverju fiskveiðiári enda hafi þau fullnægjandi aflamark í síld. Ráðherra er heimilt að fela Fiskistofu að fella úr gildi öll leyfi til síldveiða með vörpu sé talin ástæða til að takmarka veiðarnar eða endurskipuleggja stjórnun þeirra. Þá er heimilt að áskilja að flotvörpuveiðar á síld skuli aðeins heimilaðar á tilteknu svæði ef varpan er búin með-aflaskilju.

###### 2. gr.

Eingöngu er heimilt að stunda síldveiðar með vörpu utan 12 sjómílna frá viðmiðunarlínu, sbr. 5. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með þeim takmörkunum sem síldveiðum eru settar í sérstökum reglugerðum eða skyndilokunum.

Allar síldveiðar með vörpu eru bannaðar á svæðum þar sem togveiðar eru bannaðar með reglugerðum, skyndilokunum eða þar sem áskilin er notkun smáfiskaskilju eða meðaflaskilju við kolmunnaveiðar, sbr. þó lokamálslið 2. mgr. 1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er heimilt að stunda síldveiðar með vörpu á eftirgreindum svæðum:

1. Utan 12 sjómílna frá viðmiðunarlínu á svæði fyrir Vestfjörðum, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi vestur frá Blakknesi og norðan af línu, sem dregin er réttvísandi í norðvestur frá Straumnesvita.
2. Á svæði austnorðaustur af Héraðsflóa, sbr. reglugerð nr. 724, 24. október 2002, um bann við veiðum með fiskibotnvörpu austnorðaustur af Héraðsflóa án smáfiskaskilju.
3. Á svæði úti fyrir Suðausturlandi austan 12°50 V, sbr. reglugerð nr. 362, 22. maí 2003, um verndun smáfisks við tog- og dragnótaveiðar fyrir Suðausturlandi.

#### II. KAFLI

##### Veiðar í hringnót og net.

###### 3. gr.

Skipum sem aflamark hafa í íslenskri sumargotssíld er heimilt að stunda síldveiðar í net og hringnót á tímabilinu 1. september til 31. maí á hverju fiskveiðiári enda hafi þau fullnægjandi aflamark í síld. Veiðar á smásíld eru þó óheimilar en smásíld telst síld 27 cm að lengd eða minni mælt frá trjónuodda að sporðsenda. Skipstjórum er skylt að virða ákvæði reglugerða og skyndilokana um bann við síldveiðum.

###### 4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. getur sjávarútvegsráðuneytið, að fengnu álitni Hafrannsóknastofnunar, veitt leyfi til veiða á smásíld eða veiða utan veiðitímabils enda fari afli til manneldis eða til beitu. Leyfi þessi má binda skilyrðum, sem nauðsynleg þykja.

## 5. gr.

Ef net eru notuð til síldveiða, skal lágmarksmöskvastærð vera slík að þegar möskvi er teygður horna á milli eftir lengd netsins, komist flöt mælistika 63 mm breið og 2 mm þykk auðveldlega í gegn. Netið skal mælt vott.

## III. KAFLI

**Almenn ákvæði.**

## 6. gr.

Síldarafla skal landað og hann veginn í íslenskri höfn. Heimilt er að fengnu leyfi Fiskistofu að landa óvígtaðri síld um borð í vinnsluskip og flutningaskip, enda sé aflanum landað í íslenskri höfn og tryggt að skráning og vigtun hans sé fullnægjandi að mati Fiskistofu. Þegar að löndun lokinni skal skipstjóri veiðiskips senda Fiskistofu endanlegar tölur um landaðan afla og aflaverðmæti, staðfestar af móttakanda síldarinnar eða staðfest afrit af vigtarnótu, liggi það fyrir.

Heimilt er að miðla afla úr nótt til skips, sem leyfi hefur til síldveiða í því skyni að koma í veg fyrir að síld sé sleppt dauðri úr nóttum.

Um vigtun á síld gilda að öðru leyti ákvæði reglugerðar nr. 522/1998, um vigtun sjávarafila, með síðari breytingum.

## 7. gr.

Fiskistofu er heimilt að svipta skip leyfi til síldveiða með vörpu vegna brota á ákvæðum reglugerðar þessarar, ákvæðum leyfisbréfa til síldveiða með vörpu og ákvæðum laga og reglugerða, sem lúta að stjórn veiða og nýtingu nytjastofna. Missi skip leyfi til veiða í atvinnuskyni fellur jafnframt úr gildi heimild til síldveiða.

## 8. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á ákvæðum reglugerðar þessarar og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út samkvæmt henni skal farið að hætti opinberra mála. Brot varða viðurlögum samkvæmt 17. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

## 9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 376, 8. október 1992, um síldveiðar og reglugerð nr. 830, 28. nóvember 2002, um síldveiðar með vörpu, ásamt síðari breytingum.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 26. september 2005.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Þórður Eyþórsson.*